

	<b>I EES-STOFNANIR</b>	
	1. EES-ráðið	
	2. Sameiginlega EES-nefndin	
95/EES/32/01	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 35/95 frá 19. maí 1995 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins.....	01
	Ákvörðun ráðsins frá 25. febrúar 1993 um þriðju aðgerðaáætlun bandalagsins um aðstoð við fatlaða (Önnur Helios-áætlunin 1993 til 1996).....	08
	Ákvörðun ráðsins frá 6. desember 1994 um frekari þróun Handynet-kerfisins innan ramma þeirrar starfsemi sem nú fer fram í tengslum við fyrstu eininguna varðandi tæknileg hjálpartæki.....	16
95/EES/32/02	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 36/95 frá 19. maí 1995 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins.....	17
	3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4. Ráðgjafarnefnd EES	
	<b>II EFTA-STOFNANIR</b>	
	1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2. Eftirlitsstofnun EFTA	
	3. EFTA-dómstóllinn	
	<b>III EB-STOFNANIR</b>	
	1. Ráðið	
	2. Framkvæmdastjórnin	
95/EES/32/03	Tilkynning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni (Mál nr. IV/35.635 - Nippon Electric-Schott).....	18
95/EES/32/04	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.628 - Generale Bank/Crédit Lyonnais Bank Nederland).....	18
95/EES/32/05	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.632 - Rhône Poulenc/Fisons).....	19
	3. Dómstóllinn	

# EES-STOFNANIR

## SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar

95/EES/32/01

nr. 35/95  
frá 19. maí 1995

### um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

#### SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Bókun 31. við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 11/94 frá 12. ágúst 1994 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins<sup>(1)</sup>.

Auka ber samvinnu samningsaðilanna þannig að hún taki einnig til þriðju aðgerðaáætlunar bandalagsins um aðstoð við fatlaða (Önnur Helios-áætlunin 1993 til 1996) (ákvörðun ráðsins 93/136/EBE<sup>(2)</sup> og ákvörðun ráðsins 94/782/EB<sup>(3)</sup>).

Því ber að breyta 5. gr. í bókun 31 við samninginn til að koma á þessari auknu samvinnu.

#### ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

##### 1. gr.

Breyta ber 5. gr. í bókun 31 við samninginn eins og sett er fram í 2. og 3. gr. þessarar ákvörðunar.

##### 2. gr.

Í stað 4. og 5. mgr. komi eftirfarandi:

„4. EFTA-ríkin skulu árið 1995 taka þátt í aðgerðum bandalagsins til að aðstoða fatlaða samkvæmt vinnuáætluninni í 1. viðbæti við þessa bókun. EFTA-ríkin skulu leggja fram fé á þessu tímabili í samræmi við þann þátt í vinnuáætluninni sem ber yfirskriftina „Fjármálaáætlun“.

5. EFTA-ríkin skulu frá 1. janúar 1996 taka þátt í áætlunum og aðgerðum bandalagsins sem um getur í 8. mgr.

6. Frá þeim degi skulu EFTA-ríkin leggja fram fé til þeirra áætlana og aðgerða sem um getur í 8. mgr. í samræmi við a-lið 1. mgr. 82. gr. samningsins.

7. EFTA-ríkin skulu, frá því að samvinna hefst í áætlunum og aðgerðum sem um getur í 8. mgr., taka fullan þátt í EB-nefndum sem aðstoða framkvæmdastjórnina við stjórnun eða mótun þessara áætlana og aðgerða.

8. Samningsaðilar skulu einkum leitast við að styrkja samvinnu innan ramma starfsemi bandalagsins sem kann að fylgja í kjölfar eftirfarandi gerða bandalagsins:

- **393 D 0136:** Ákvörðun ráðsins 93/136/EBE frá 25. febrúar 1993 um þriðju aðgerðaáætlun bandalagsins um aðstoð við fatlaða (Önnur Helios-áætlunin 1993 til 1996) (Stjútíð. EB nr. L 56, 9. 3. 1993, bls. 30).

- **394 D 0782:** Ákvörðun ráðsins 94/782/EB frá 6. desember 1994 um frekari þróun Handynet-kerfisins innan ramma þeirrar starfsemi sem nú fer fram í tengslum við fyrstu eininguna varðandi tæknileg hjálpartæki (Stjútíð. EB nr. L 316, 9. 12. 1994, bls. 42).“.

##### 3. gr.

4. og 5. mgr. í hinni upprunalegu gerð verði annars vegar 9. og hins vegar 10. mgr.

##### 4. gr.

Viðbætur bætist við bókun 31 eins og sett er fram í viðaukanum við þessa ákvörðun.

<sup>(1)</sup> Stjútíð. EB nr. L 253, 29. 9. 1994, bls. 34. og EES-viðbætur við Stjútíð. EB nr. 36, 29. 9. 1994, bls. 3.

<sup>(2)</sup> Stjútíð. EB nr. L 56, 9. 3. 1993, bls. 30.

<sup>(3)</sup> Stjútíð. EB nr. L 316, 9. 12. 1994, bls. 42.

## 5. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. júní 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

## 6. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 19. maí 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*P. Benavides*

ÍSLENSK ÚTGAFA

**„1. VIÐBÆTIR VIÐ BÓKUN 31****HELIOS II - VINNUÁÆTLUN****1995****1. SAMRÁÐSNEFNDIR<sup>(1)</sup>**

Full þátttaka með sömu skilyrðum og EB-aðildarríki, nema hvað varðar hugsanlega tilhögun atkvæðagreiðslu og málefni sem er fjallað í þeim þætti vinnuáætlunarinnar sem ber yfirskriftina „Fjármálaáætlun“.

**1.1. RÁÐGJAFARNEFND - þrjár fundir**

- tveir ríkisstjórnarfulltrúar frá hverju EFTA-ríki.

**1.2. EVRÓPSKUR UMRÆÐUHÓPUR UM MÁLEFNI FATLAÐRA - þrjár fundir.**

- tólf starfandi evrópsk frjáls félagasamtök (NGO) sem eru málsvavar fatlaðra og samtaka fatlaðra í EFTA-ríkjunum,
- tveir starfandi fulltrúar aðila vinnumarkaðarins sem eru málsvavar aðila vinnumarkaðarins í EFTA-ríkjunum,
- einn fulltrúi innlendra frjálsra félagasamtaka (NGO) eða landsráðs fatlaðra sem tilnefndur er af hverju EFTA-ríki.

**1.3. SAMRÁÐSHÓPUR - þrjár fundir**

- einn ríkisstjórnarfulltrúi frá hverju EFTA-ríki,
- einn aðili sem er málsvari innlendra frjálsra félagasamtaka (NGO) og landsráða fatlaðra sem eiga aðild að umræðuhópnum.

**2. VINNUHÓPAR<sup>(2)</sup>**

Full þátttaka með sömu skilyrðum og EB-aðildarríki, nema hvað varðar hugsanlega tilhögun atkvæðagreiðslu og málefni sem er fjallað í þeim þætti vinnuáætlunarinnar sem ber yfirskriftina „Fjármálaáætlun“.

**2.1. HANDYNET-HÓPUR SEM ANNAST TÆKNILEGA SAMRÆMINGU - þrjár fundir**

- einn fulltrúi frá sérhverri innlendri samræmingarstöð (NCC)

**2.2. HANDYNET-ÍÐORÐAHÓPUR - þrjár fundir**

- einn fulltrúi frá hverju EFTA-ríki.

**2.3. HELIOS-VINNUHÓPUR UM BLÖNDUN Á SVIÐI MENNTUNAR - þrjár fundir**

- tveir ríkisstjórnarfulltrúar frá hverju EFTA-ríki.

(1) Ákvörðun ráðsins 93/136/EBE frá 25. febrúar 1993 um þriðju aðgerðaáætlun bandalagsins um aðstoð við fatlaða (Stjttíð. EB nr. L 56, 9. 3. 1993, bls. 30).

(2) Ákvörðun ráðsins 94/782/EB frá 6. desember 1994 um frekari þróun Handynet-kerfisins innan ramma þeirrar starfsemi sem nú fer fram í tengslum við fyrstu eininguna varðandi tæknileg hjálpartæki (Stjttíð. EB nr. L 316, 9. 12. 1994, bls. 42).

## 2.4. HELIOS-VINNUHÓPUR UM ATVINNUMÁL - þrjár fundir

- einn ríkisstjórnarfulltrúi frá hverju EFTA-ríki.

## 2.5. HELIOS-VINNUHÓPAR UM SJÁLFSTÆTT LÍFERNI

- Íþróttir - tveir fundir

tveir fulltrúar frá innlendri íþróttanefnd fyrir fatlaða í hverju EFTA-ríki

- Hreyfanleiki og flutningar - tveir fundir

tveir ríkisstjórnarfulltrúar frá hverju EFTA-ríki

- Ferðamál - tveir fundir

þrjár fulltrúar frjálsra félagasamtaka (NGO) og ferðasamtaka í hverju EFTA-ríki.

3. SAMSKIPTA AÐGERÐIR<sup>(1)</sup>

3.1. Framkvæmdastjórnin skal láta hverju EFTA-ríki í té upplýsingar um forgangspæmu, vinnu sem tengist þeim og niðurstöður.

3.2. EFTA-ríkjum skal boðið að tilnefna aðila til að taka þátt í námskeiðum með samræðusniði eða ráðstefnum sem haldnar verða fyrir fulltrúa „aðgerðanna“ til að draga ályktanir af því sem áunnist hefur á árinu.

3.3. Skipulagning og undirbúningur vegna innfellingar á „aðgerðum“ í EFTA-ríkjunum í áætlunina frá 1. janúar 1996, sem eru:

- Tilnefning „aðgerða“ af hálfu stjórnvalda EFTA-ríkjanna fyrir 30. september 1995 - fjögur svið: endurhæfing fatlaðra, blöndun á sviði menntunar, efnahags- og félagsleg blöndun og sjálfstætt líferni (fjöldi „aðgerða“ hefur ekki verið ákveðinn).
- Upphafsfundur (samræðufundur) vegna „aðgerða“ á hverju sviði og ákvarðanir um þátttöku í einstaka þemaverkefnum.

4. HANDYNET<sup>(1)</sup>

Full þátttaka með sömu skilyrðum og EB-aðildarríki með það að markmiði að láta gagnagrunninn taka til tilrarlega upplýsinga sem varða öll EFTA-ríkin fyrir 1. janúar 1996:

- Innlendu samræmingarstöðvarnar (NCC) skulu safna upplýsingum og senda þær til Helios-sérfræðingahópsins.
- Helios-sérfræðingahópurinn skal setja upplýsingarnar inn á lesgeisladiskinn (CD-ROM) og senda út uppfærða lesgeisladiska (þrisvar sinnum á árinu) - innlendu samræmingarstöðvunum og gagnasöfnunarstöðvunum (DCC) að kostnaðarlausu.
- Upplýsinga- og ráðgjafastöðvarnar (IAC) skulu veita fötluðum aðgang að lesgeisladiskum, gegnum netkerfi, o.s.frv.

5. SAMSTARF VIÐ FRJÁLSU FÉLAGASAMTÖKIN (NGO)<sup>(1)</sup>

5.1. Framkvæmdastjórnin skal láta hverju EFTA-ríki í té upplýsingar um efni og tímasetningu viðburða sem frjálsu félagasamtökin skipuleggja og sem fá fjárstuðning (allt að 50%, með fyrirvara um ákveðið hámark) samkvæmt annarri Helios-áætluninni (Evrópuáætlanir sem lagðar eru til af sérhverri hinna tólf evrópsku frjálsu félagasamtaka í umræðuhópnum).

<sup>(1)</sup> Ákvörðun ráðsins 93/136/EBE frá 25. febrúar 1993 um þriðju aðgerðaáætlun bandalagsins um aðstoð við fatlaða (Stjtið. EB nr. L 56, 9. 3. 1993, bls 30).

- 5.2. Fulltrúum EFTA-ríkjanna, frjálsra félagasamtaka, o.s.frv. skal boðið að vera viðstaddir viðburði sem takmarkast ekki við sérstök samtök.
- 5.3. Frjálsu evrópsku félagasamtökin skulu meta beiðnir um að fella inn í Evrópuáætlanirnar fyrir árið 1996 viðburði sem verða skipulagðir og haldnir í EFTA-ríkjum og kynna framkvæmdastjórninni álit sem lagt verður fram til endanlegrar ákvörðunar. (Viðburðir samkvæmt Evrópuáætluninni fá styrk sem nemur allt að 50% af heildarkostnaði, með fyrirvara um ákveðið hámark).
6. AÐGERÐIR TIL AÐ EFLA VITUND ALMENNINGS
- 6.1. Framkvæmdastjórnin skal dreifa Helioscope (Helios-tímarit), Helios Flash og öðrum gögnum til samtaka og einstaklinga í EFTA-ríkjunum samkvæmt beiðni.
- 6.2. Árlegur dagur fatlaðra (3. desember ár hvert) - samtökum og einstaklingum í EFTA-ríkjunum skal boðið að taka þátt í viðburðum á evrópskum vettvangi.
- 6.3. Helios-samkeppni og verðlaun - þátttaka í árlegu ráðstefnunni.
- 6.4. Upplýsingastandar (ráðstefnur, sýningar, o.s.frv.)  
Staðir í EFTA-ríkjunum sem íhuga skal hvort eigi að fella inn í ársáætlunina.
- 6.5. Innlendir Helios-upplýsingadagur.

1996

## 1 &amp; 2 SAMRÁÐSNEFNDIR OG VINNUHÓPAR

Þátttaka eins og árið 1995, en framkvæmdastjórnin skal greiða kostnað þátttakenda á eftirfarandi grundvelli:

Ríkisstjórnarfulltrúar - ferðakostnaður

Aðrir - ferðakostnaður, dvalarstyrkur og styrkur vegna ófyrirsjáanlegra útgjalda.

Ef þátttakandi er í fylgd annars einstaklings vegna fötlunar sinnar mun kostnaður í tengslum við hann greiddur á sama grundvelli og kostnaður fyrir þátttakanda.

## 3. SAMSKIPTAADGERÐIR

Full þátttaka með sömu skilyrðum og EB-aðildarríkin, þar með talin þátttaka fulltrúa tiltekinna „aðgerða“ í:

- skoðunarferðum, þjálfunarnámskeiðum o.s.frv. sem eru skipulögð til að fylgja eftir ákveðnum þemaverkefnum - framkvæmdastjórnin skal greiða allan kostnað, með fyrirvara um hámarksfjárhæð, fyrir hverja „aðgerð“, og
- námskeiðum með samræðusniði eða ráðstefnum sem eru haldnar í árslok. Framkvæmdastjórnin skal greiða allan kostnað.

## 4. HANDYNET - sama og fyrir árið 1995.

## 5. SAMSTARF VIÐ FRJÁLSU FÉLAGASAMTÖKIN (NGO)

Full þátttaka með sömu skilyrðum og EB-aðildarríkin, þar með taldir eftirfarandi aðilar:

## 5.1. Fulltrúar frjálsra félagasamtaka (NGO) og landsráð fatlaðra sem eru aðilar að umræðuhópnum sem skulu:

- skipuleggja innlenda ráðstefnu sem varðar hagsmuni Evrópu um forgangspæma annarrar Helios-áætlunarinnar - framkvæmdastjórnin greiðir 50% af kostnaði, með fyrirvara um ákveðið hámark,
- taka þátt í innlendum upplýsingadegi - framkvæmdastjórnin greiðir allan kostnað, með fyrirvara um ákveðið hámark,

## 5.2. Evrópsk frjáls félagasamtök (NGO) - Evrópuáætlanir sem skulu taka til viðburða sem eru skipulagðir og haldnir í EFTA-ríkjunum.

## 6. AÐGERÐIR TIL AÐ EFLA VITUND ALMENNINGS

## 6.1. Sama og fyrir árið 1995.

## 6.2. Helios-samkeppni og verðlaun:

- hvert EFTA-ríki skal tilnefna einn aðila dómnefndar,
- verkefni samtaka í EFTA-ríkjum sem koma til greina við verðlaunaafhendingu,
- full þátttaka í árlegri ráðstefnu og kostnaður skal greiddur á sama grundvelli og fyrir EB-aðildarríkin.

**HELIOS II - VINNUÁÆTLUN**  
**FJÁRMÁLAÁÆTLUN**  
**1995**

Engin bein fjárframlög frá EB.

EFTA-ríkin skulu greiða:

- allan kostnað varðandi þátttöku sína,
- allan kostnað sem tengist nauðsynlegri þjónustu sem Helios- sérfræðingahópurinn veitir, svo sem launa-, ferða- og tækjakostnað sem sérfræðingar þurfa að greiða í kjölfar útvíkkunar áætlunarinnar til EFTA- ríkjanna,
- allan kostnað vegna viðbótarstarfsliðs sem er tilnefnt sérstaklega til að aðstoða við þátttöku EFTA- ríkjanna.

Tillögur vegna viðbótarstarfsliðs:

tveir sérfræðingar skulu tilnefndir í Helios-sérfræðingahópinn í Brussel til að aðstoða við aðgerðir sem tengjast Handynet, ásamt einum ritara þeim til aðstoðar.

Athugasemd:

Fjármálasérfræðingar EB- og EFTA-ríkjanna munu fyrri hluta ársins 1995 taka til við að semja áætlun fyrir fjárhagsárið 1996, samkvæmt reglum bókkunar 32 í samningnum. Þessar umræður munu leiða til lokaákvæðana um fjárframlög EFTA-ríkjanna til almennu fjárhagsáætlunar EB og munu einnig taka til viðbótarstarfsliðs.

**1996**

Full fjárframlög til fjárhagsáætlunar EB (í samræmi við a-lið 1. mgr. 82. gr. samningsins).



## ÁKVÖRDUN RÁÐSINS

frá 25. febrúar 1993

um þriðju aðgerðaáætlun bandalagsins um aðstoð við fatlaða(\*)

(Önnur Helios-áætlunin 1993 til 1996)

(93/136/EEB)

### RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 128. og 235. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins 63/266/EEB frá 2. apríl 1963 um almennar meginreglur varðandi framkvæmd sameiginlegrar starfsmenntunarstefnu (<sup>1</sup>), einkum 10. meginreglu,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar (<sup>2</sup>),

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins (<sup>3</sup>),

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar (<sup>4</sup>),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samþykkja ber viðeigandi ráðstafanir um aðstoð við fatlaða í tengslum við félagsmáláþátt bandalagsins.

Niðurstöður ráðsins og menntamálaráðherranna, sem komu saman á vegum ráðsins 14. maí 1987, varðandi evrópska samstarfsáætlun um blöndun fatlaðra barna í almenna skóla (<sup>5</sup>) og ályktun ráðsins og menntamálaráðherranna, sem komu saman á vegum ráðsins 31. maí 1990, varðandi blöndun fatlaðra barna og fatlaðs ungs fólks í hið almenna menntakerfi (<sup>6</sup>) staðfesta nauðsyn þess að ryðja efnislegum hindrunum úr vegi, að beita sveigjanlegum kennsluáferðum til að koma til móts við þarfir einstaklinga og til að auðvelda umskipti samfara því að hefja nám, koma inn á vinnumarkað og verða fullorðinn, að efna til eins öflugssamstarfs og frekast er unnt við sérhæfðar stofnanir, að nýta ólíka kosti nýrrar tækni á sviði menntunar og að efla tengsl fjölskyldu, samfélags, félags- og heilbrigðisþjónustu og vinnumarkaðar.

Stefna ber að því að skiptast á upplýsingum og reynslu um málefni sem menntakerfum aðildarríkjanna eru sameiginleg með

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 56, 9. 3. 1993, bls. 30, var nefnd í ákvörðun sameiginlegrar EES-nefndarinnar nr. 35/95 frá 19. maí 1995 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB nr. 63, 20. 4. 1963, bls. 1338/63.

(<sup>2</sup>) OJ nr. C 293, 12. 11. 1991, bls. 2; Stjtið. EB nr. C 25, 28. 1. 1993, bls. 1.

(<sup>3</sup>) Stjtið. EB nr. C 305, 23. 11. 1992.

(<sup>4</sup>) Stjtið. EB nr. C 79, 30. 3. 1992, bls. 20.

(<sup>5</sup>) Stjtið. EB nr. C 211, 8. 8. 1987, bls. 1.

(<sup>6</sup>) Stjtið. EB nr. C 162, 30. 7. 1990, bls. 2.

því að efna til samvinnu á þeim starfsvettvangi sem aðildarríkin hafa skipulagt á þessu sviði um leið og taka ber fullt tillit til ábyrgðar aðildarríkja á innihaldi kennslu og skipulagi menntakerfisins og hve menning þeirra og tungumál eru fjölbreytt sem útilokar að lög og reglugerðir aðildarríkjanna verði samhæfð.

Tilgangurinn með þessari áætlun er að bæta upp ráðstafanir sem hafa verið gerðar á vegum ríkis-, héraðs- og sveitarstjórna, einkum með því að tryggja að skipst sé á upplýsingum og reynslu varðandi slíkar ráðstafanir.

Aðildarríkin bera meginábyrgð á blöndun fatlaðra innan menntakerfisins, á vinnumarkaði og í efnahagslegu og félagslegu tilliti og með tilliti til þess að standa á eigin fótum í lífinu en samvinna á vettvangi bandalagsins er til þess fallin að veita aðildarríkjunum stuðning til að aðgerðir þeirra á þessu sviði verði árangursríkari.

Í stofnskrá bandalagsins um félagsleg grundvallarréttindi launþega sem ríkis- og ríkisstjórnarleiðtogar ellefu aðildarríkja samþykktu á fundi leiðtogaráðsins í Strassborg 9. desember 1989 er eftirfarandi meðal annars lýst yfir í 26. lið:

„26. Allir fatlaðir einstaklingar, hver sem orsök eða eðli fötlunar þeirra er, skulu eiga rétt á raunhæfum viðbótaraðgerðum sem miða að aukinni blöndun þeirra í félagslegu og atvinnulegu tilliti.

Þessar aðgerðir skulu, með tilliti til getu viðkomandi, einkum ná til starfshjálfunar, vinnuvistfræði, aðgengi, ferlimála, flutningatækja og húsnæðis.“

Samþykkja ber áætlun til fjögurra ára.

Talið er að 37 milljónir evrópskra mynteininga (ECU) þurfi til að hrinda þessari margra ára áætlun í framkvæmd.

Ætlunin er að fjármagna áætlunina tímabilið 1993 til 1996 með þeirri fjárhæð sem talin er nauðsynleg, innan gildandi fjárhagsáætlunar Evrópubandalaganna.

Þar eð þessi ákvörðun fjallar annars vegar um meginreglur sem lúta að því að hrinda stefnu varðandi starfsmenntun í framkvæmd og fjölga atvinnutækifærum og hins vegar um aðgerðir, meðal annars til að stuðla að endurhæfingu fatlaðra, blöndun þeirra innan

menntakerfisins, í félagslegu tilliti og með tilliti til þess að standa á eigin fótum í lífinu, sem nauðsyn ber til að samþykkja til að ná einu af markmiðum bandalagsins, og þar eð ekki er kveðið á í sáttmálanum um sérstakar heimildir í þessu sambandi er nauðsynlegt að vísa bæði til 128. og 235. gr. sáttmálans.

#### ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

##### 1. gr.

#### Samþykkt annarrar Helios-áætlunarinnar

Bandalagið samþykkir hér með aðgerðaáætlun til að stuðla að jöfnun tækifæra fyrir fatlaða og blöndun þeirra, hér eftir nefnd „önnur Helios-áætlunin“, fyrir tímabilið 1. janúar 1993 til 31. desember 1996.

##### 2. gr.

#### Skilgreining hugtaksins „fatlaður“

Að því er varðar aðra Helios-áætlunina merkir hugtakið „fatlaður“ einstakling sem er alvarlega skaðaður, fatlaður eða hamlaður af völdum líkamlegs, meðal annars skynræns, eða andlegs eða sálræns skaða sem takmarkar getu hans til eða útilokar hann í að athafna sig með þeim hætti sem mönnum er talið eðlilegt.

##### 3. gr.

#### Markmið

Markmið annarrar Helios-áætlunarinnar eru eftirfarandi með tilliti til endurhæfingar fatlaðra, blöndunar þeirra innan menntakerfisins, starfsmenntunar, endurhæfingar vegna atvinnu, og í efnahags- og félagslegu tilliti og með tilliti til þess að standa á eigin fótum í lífinu:

- að efla og auka enn skipti á upplýsingum og reynslu milli aðildarríkjanna og frjálsra félagasamtaka (NGO), sem getur komið að gagni eins og um getur í c-lið, og tryggja eins mikla útbreiðslu þessara upplýsinga og frekast er unnt;
- að stuðla að framgangi áhrifaríkra aðferða og aðgerða til að efla enn frekar og samræma starf sem unnið er samkvæmt c-lið;
- að stuðla að stefnumótun á vettvangi bandalagsins um samvinnu milli aðildarríkjanna og samtaka og félaga sem vinna að blöndun á grundvelli nýstárlegustu og árangursríkustu tilrauna og aðferða í aðildarríkjunum með þátttöku, eftir því sem við á, sjálfboðaliðasamtaka í samræmi við innlend lög og/eða venjur;
- að viðhalda samstarfi við evrópsk frjáls félagasamtök (NGO) og frjáls félagasamtök (NGO) sem eru talin málsvarar í viðkomandi aðildarríkjum, gegnum landsráð fatlaðra þar sem þau eru til, og látið hafa í ljós ósk um að efna til samstarfs á vettvangi bandalagsins.

##### 4. gr.

#### Aðgerðir

- Almennar aðgerðir með tilliti til þess að stuðla að framgangi markmiðanna í 3. gr. eru eftirfarandi:

- að samræma, hefja og örva starfsemi í tengslum við ákveðið viðfangsefni ár hvert með það í huga að stuðla að nýjungum, auðvelda aðilum að skiptast á reynslu og örva útbreiðslu á upplýsingum um reynslu sem hefur komið að gagni og árangursríkum aðferðum.

Fyrirnefnd starfsemi skal eiga sér stað í náinni samvinnu við fatlaða og fjölskyldur þeirra, félagasamtök sem eru málsvarar fatlaðra, sérfræðinga, rannsóknarmenn, fagfólk á þessu sviði, sjálfboðaliða og aðila vinnumarkaðarins;

- að mæta þörfum fatlaðra fyrir upplýsingar, með því að nota tölvuvædda upplýsinga- og skráningarkerfið Handynet og innlendar upplýsingar og leggja kapp á að safna, aðlaga miðað við evrópskar aðstæður, uppfæra, skiptast á og dreifa upplýsingum sem innlendar gagna- og upplýsinga-miðstöðvar í aðildarríkjunum safna saman.

Ráðið skal endurskoða Handynet-kerfið fyrir 31. desember 1994 með hliðsjón af skýrslu framkvæmdastjórnarinnar, þar sem meðal annars er lagt mat á fyrstu Handynet-eininguna sem tengist hjálpartækjum, og taka ákvörðun, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar og að höfðu samráði við Evrópuþingið, um skilyrði fyrir áframhaldandi starfrækslu Handynet-kerfisins eftir þann dag;

- að hvetja fatlaða til þátttöku í skipulögðum áætlunum bandalagsins, einkum á sviði menntunar og undirbúnings til þátttöku í atvinnulífinu, nýrrar tækni, starfsmenntunar og atvinnu, jafnréttis kynjanna, tungumálanáms, hreyfanleika og vistaskipta ungs fólks í bandalaginu;
- að stuðla að upplýsingaskiptum og miðlun reynslu varðandi málefni sem eru sameiginleg menntakerfum aðildarríkjanna með því að efna til samvinnu með hliðsjón af starfsemi aðildarríkjanna í þessum tilgangi;
- að tryggja náðið samræmi við starfsemi félagasamtaka á alþjóðavettvangi og samvinnu sem tengist annarri starfsemi á alþjóðavettvangi á þeim sviðum sem um getur í 3. gr.

- Þær aðgerðir sem ætlað er að stuðla að því að ná markmiðum 3. gr. eru taldar upp í viðaukanum.

## 5. gr.

## Fjármögnun

1. Önnur Helios-áætlunin skal vera fjögurra ára áætlun.
2. Sú fjárhæð úr sjóðum bandalagsins sem talin er nauðsynleg til að hrinda áætluninni í framkvæmd er 37 milljónir evrópskra mynteininga (ECU) fyrir tímabilið 1993 til 1996, innan gildandi fjárhagsáætlunar Evrópubandalaganna.
3. Fjárlagayfirvald skal ákvarða fjárframlög fyrir hvert fjárhagsár með hliðsjón af meginreglunum um ábyrga stjórnun sem um getur í 2. gr. fjárhagsreglugerðarinnar sem gildir um fjárlög Evrópubandalaganna.

## 6. gr.

## Framkvæmd í höndum framkvæmdastjórnarinnar

Framkvæmdastjórnin skal tryggja að annari Helios-áætluninni sé framfylgt í samræmi við ákvæði 8. gr. og í nánu samstarfi við aðildarríkin og stofnanir og félagasamtök sem fara með málefni er varða blöndun fatlaðra.

## 7. gr.

## Samræmi og uppbót

Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að aðgerðir bandalagsins samkvæmt annari Helios-áætluninni séu í eðlilegu samhengi við aðrar áætlanir bandalagsins og frumkvæði af þess hálfu og að þessir þættir bæti hvern annan upp.

## 8. gr.

## Ráðgjafarnefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar ráðgjafarnefndar, hér eftir kölluð „nefndin“, sem skipuð er tveimur ríkisstjórnarfulltrúum frá hverju aðildarríki undir formennsku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.
2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álit sínu á drögunum fyrir þau tímamörk sem formaðurinn setur eftir því hversu brýnt málið er, með atkvæðagreiðslu ef þörf krefur.

Álitið skal skráð í fundargerð; þar að auki hefur hvert aðildarríki rétt á að láta bóka afstöðu sína í fundargerðina.

Framkvæmdastjórnin skal taka ýtrasta tillit til álits nefndarinnar. Henni ber að greina nefndinni frá því með hvaða hætti álit hennar var haft til hliðsjónar.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

## 9. gr.

## Umræðuhópur um málefni fatlaðra í Evrópu

1. Framkvæmdastjórnin skal, áður en hún leitar eftir samráði við nefndina, ganga úr skugga um álit umræðuhóps um málefni fatlaðra í Evrópu, hér eftir nefndur „umræðuhópurinn“, með tilliti til allra viðkomandi þátta annarrar Helios-áætlunarinnar.

Umræðuhópurinn skipa:

- a) fulltrúar tilnefndir af framkvæmdastjórninni að fengnum tillögum félagasamtaka sem um getur í d-lið 3. gr. og eftir að framkvæmdastjórnin hefur óskað álits allra aðildarríkja, frá ekki fleiri en 24 frjálsum félagasamtökum fatlaðra eða fjölskyldna þeirra eða félagasamtökum sem koma fram fyrir hönd fatlaðra.

Að minnsta kosti einn fulltrúi frjálsra félagasamtaka frá hverju aðildarríki skal taka þátt í umræðuhópnum.

Landsráð fatlaðra geta, þar sem þau eru til, komið fram fyrir hönd frjálsra félagasamtaka;

- b) fulltrúi samtaka vinnuveitenda og fulltrúi launþega-samtaka sem framkvæmdastjórnin tilnefnir hvorn um sig að fengnum tillögum samtaka sem eiga hagsmuna að gæta á þessu sviði á vettvangi bandalagsins.

Framkvæmdastjórnin skal leitast við að tryggja að samsetning umræðuhópsins gefi jafnvæga mynd af:

- a) mismunandi tegundum fötlunar;
  - b) ólíkri starfsemi fatlaðra eða starfi sem unnið er fyrir hönd þeirra;
  - c) ólíkum hagsmunum einstakra aðildarríkja; og
  - d) bandalögum frjálsra félagasamtaka (NGO) frá öllum eða sumum aðildarríkjum.
2. Umræðuhópurinn velur sér formann sem getur verið fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar.
  3. Umræðuhópurinn setur sér starfsreglur.

## 10. gr.

**Samráðshópur**

1. Framkvæmdastjórnin skal, áður en hún leitar eftir samráði við nefndina, kveðja saman samráðshóp undir forsæti fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar sem um getur í 1. mgr. 8. gr. sem samanstandur af:
  - a) einum ríkisstjórnarfulltrúa frá hverju aðildarríki sem um getur í 1. mgr. 8. gr.;
  - b) 12 meðlimum umræðuhópsins sem hann tilnefnir.
2. Telji aðildarríki eða einn fulltrúanna sem umræðuhópurinn tilnefnir þau mál sem fjalla ber um sérstaklega þýðingarmikil getur það eða hann óskað eftir að annar fulltrúi sitji fundinn.
3. Samráðshópurinn setur sér starfsreglur.

## 11. gr.

**Skýrslur**

1. Fyrir 1. júlí 1994 skal framkvæmdastjórnin leggja stutta skýrslu fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefndina um framkvæmd b-liðar 1. mgr. 4. gr.
2. Eigi síðar en 31. desember 1995 skal framkvæmdastjórnin leggja bráðabirgðamat í skýrsluformi fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefndina um framkvæmd annarrar Helios-áætlunarinnar ásamt tillögu að ákvörðun um endurskoðun hennar, ef við á.
3. Fyrir 1. júlí 1997 skal framkvæmdastjórnin leggja ítarlega skýrslu fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefndina um framkvæmd annarrar Helios-áætlunarinnar og árangur sem af henni hlýst.
4. Í skýrslunum sem um getur í 2. og 3. mgr. skal framkvæmdastjórnin meðal annars geta um niðurstöður sjálfstæðs og hlutlægs mats sem um getur í lið 1.2 í viðaukanum.

Gjört í Brussel 25. febrúar 1993.

Fyrir hönd ráðsins,

**J. TRØJBORG**

forseti.

# VIÐAUKI

## AÐGERDIR

### (4. gr.)

1. Almennar athugasemdir
  - 1.1. Gripið verður til þeirra aðgerða sem hér um ræðir í náinni samvinnu við aðildarríkin, félög fatlaðra og fjölskyldna þeirra, aðila vinnumarkaðarins og samtök fagfólks og sjálfboðaliða sem vinna að blöndun fatlaðra.
  - 1.2. Sérhver aðgerð samkvæmt annarri Helios-áætluninni verður metin með hlutlægum og óháðum hætti.
  - 1.3. Að auki verður sérstök áhersla lögð á þýðingu nytjatækni fyrir blöndun fatlaðra.

Uppeldisfræðilegir og hagnýtir eiginleikar nytjatækni geta reynst vel til þess að þróa kennslutæki, aðlaga vinnustaði, efla samskiptamiðla og aðlaga farartæki auk þess að vera liður í að rjúfa einangrun fatlaðra.

- 1.4. Framkvæmdastjórnin mun taka mið af efnahagsástandi þeirra aðildarríkja eða héraða þar sem grípa á til sérstakra aðgerða. 1.5. Sú fjárhæð sem varið er til eftirtalinna aðgerða:
  - Handynet-kerfisins (3. liður),
  - samvinnu við frjáls félagasamtök (4. liður), og
  - samvinnu við utanaðkomandi sérfræðinga (9. liður),

skal ekki fara yfir 50% af heildarúthlutun vegna annarrar Helios-áætlunarinnar.

Fjárhæð sem veitt er til aðgerða á sviði upplýsingaskipta og -miðlunar milli aðildarríkja (2. liður) skal ekki vera minni en 25% af heildarúthlutun vegna annarrar Helios-áætlunarinnar.

2. Aðgerðir á sviði upplýsingaskipta og -miðlunar milli aðildarríkja
  - 2.1. Framlag bandalagsins

Bandalaginu er heimilt, til að skipti á upplýsingum og miðlun reynslu milli aðildarríkjanna nái fram að ganga, að leggja fram fé til aðgerða sem tengjast þeim sviðum sem um getur í 3. gr., þ.e. endurhæfingar fatlaðra, blöndunar á sviði menntunar, starfsmenntunar, endurhæfingar vegna atvinnu, efnahags- og félagslegrar blöndunar og með tilliti til þess að standa á eigin fótum í lífinu.

Þessi starfsemi nær til ráðstefna, námskeiða með samræðusniði, upplýsingaskipta, námsferða og þjálfunarnámskeiða sem miðast við árleg umfjöllunarefni sem eru valin að höfðu samráði við nefndina og að fengnu álitum umræðuhópsins.

Aðildarríkin velja þátttakendur í þessari starfsemi með hliðsjón af því um hvers konar starfsemi er að ræða og af samhengi við aðra starfsemi á vettvangi bandalagsins og hvort slíkar aðgerðir bæti hver aðra upp, með það í huga að þeir miðli fenginni reynslu til fulltrúa ríkis-, héraðs- eða sveitarstjórna og til frjálsra félagasamtaka gegnum landsráð fatlaðra þar sem þau eru til.

Aðildarríkjunum er heimilt eftir atvikum að skipta um fulltrúa sem þau tilnefna.

Framkvæmdastjórnin mun, ef nauðsyn ber til, greiða fyrir sambandi milli þátttakenda eftir því um hvaða svið blöndunar er að ræða eða hvers konar fötlun, með það í huga að stuðla að upplýsingaskiptum á hverju sviði.

## 2.2. Fjárframlag bandalagsins er:

- a) allt að 50% fyrir ráðstefnur (í samvinnu við landsyfirvöld);
- b) allt að 100% fyrir námskeið með samræðusniði, starfsemi vinnuhópa, námsferðir og þjálfunarnámskeið.

## 3. Tölvuvædda upplýsinga- og skráningarkerfið Handynet

### 3.1. Almennar reglur

Handynet-kerfið mun, í því augnamiði að mæta þörfum fatlaðra fyrir upplýsingar, sjá notendum fyrir fjöltyngdu gagnasafni, fjöltyngdu tölvudagblaði og tölvustýrðu boðkerfi.

Innlendar gagna- og samræmingarstöðvar sem aðildarríkin tilnefna munu safna upplýsingum innanlands.

Upplýsingar munu berast framkvæmdastjórninni sem aðlagar þær Handynet-kerfinu, uppfærir reglulega og gerir aðgengilegar á lesgeisladiskum (CD-ROM) innlendu stöðvunum sem aðildarríkin hafa tilnefnt.

Aðildarríkin skulu ábyrgjast að upplýsingum, sem eru meðhöndlaðar í Handynet-kerfinu, sé dreift til notenda og skulu upplýsinga- og ráðgjafarmiðstöðvar sem aðildarríkin tilnefna annast þessa dreifingu.

### 3.2. Tiltekin starfsemi

Framkvæmdastjórnin mun halda áfram að þróa og uppfæra fyrstu Handynet-eininguna sem tengist hjálpartækjum.

Einingin samanstendur af evrópsku gagnasafni sem inniheldur:

- skrá yfir hjálpartæki (ásamt verði þeirra) sem eru fánæg á markaði í bandalaginu fyrir fólk með hvers kyns fötlun,
- skrá yfir framleiðendur þessara vara og umboð sem annast dreifingu þeirra í aðildarríkjunum, og
- innlendar reglur og málsmeðferð sem fatlaðir verða að fara eftir til þess að fá slík hjálpartæki.

Að auki mun framkvæmdastjórnin stuðla enn frekar að:

- jákvæðri og framsýnni starfsemi sem miðar að því að hvetja til þess að aðlaga tæknibúnað, meðal annars nýjan tæknibúnað, að þörfum fatlaðra,
- rannsóknum og framleiðslu hjálpartækja, einkum með því að semja yfirlit yfir hagnýtar rannsóknir á þessu sviði.

Framkvæmdastjórnin mun og kanna hvort unnt sé að fella upplýsingar um gæði hjálpartækja inn í gagnasafnið.

### 3.3. Fjárframlag bandalagsins er:

- allt að 100% (til að afgreiða útgjöld vegna evrópska þáttarins).

### 4. Samstarf við frjáls félagasamtök

#### 4.1. Almenn skilyrði og reglur sem lúta að samstarfi við framkvæmdastjórnina

Framkvæmdastjórnin mun efla samstarf við frjáls félagasamtök, gegnum landsráð fatlaðra þar sem þau eru til, og bandalög frjálsra félagasamtaka frá öllum eða sumum aðildarríkjum.

Framkvæmdastjórnin mun tilkynna nefndinni um samstarf sem hún á og tengsl við frjálsu félagasamtökin sem um getur í d-lið 3. gr.

#### 4.2. Tilteknar aðgerðir

Framkvæmdastjórnin mun, á hverju ári og að fengnu álit nefndarinnar, semja áætlun fyrir starfsemi sem nýtur fjárstuðnings hennar og gefa jafnvægt álit um forgangsröð þessarar starfsemi.

Meðal þeirrar starfsemi sem nýtur fjárstuðnings er:

- ráðstefnur, námskeið með samræðusniði, þjálfunarnámskeið og önnur evrópsk samstarfsverkefni,
- miðlun upplýsinga til frjálsra félagasamtaka um aðgerðir á vettvangi bandalagsins,
- ráðgjöf veitt framkvæmdastjórninni að beiðni hennar um tæknileg atriði í tengslum við ákveðna tegund fötlunar eða tiltekinn blöndunarvanda sem verið er að fást við,
- gerð ársskýrslu um aðgerðir samkvæmt annarri Helios-áætluninni.

#### 4.3. Fjárframlag bandalagsins er:

- a) allt að 50% vegna funda, ráðstefna, námskeiða með samræðusniði, þjálfunarnámskeiða og annarra evrópskra samstarfsverkefna;
- b) allt að 100% fyrir útgjöld vegna samræmingar og sérfræðipjónustu.

### 5. Upplýsingar og aðgerðir er miða að því að efla vitund almennings

Dreifing upplýsinga í stórum stíl til að vekja athygli á aðgerðum og herferðum til að efla vitund almennings og fjölmiðla um möguleika á blöndun fatlaðra.

Framkvæmdastjórnin mun leggja sitt af mörkum til að efla vitund almennings með því að skipuleggja samkeppni, veita árleg verðlaun fyrir einstök verkefni á ýmsum sviðum blöndunar fatlaðra, og með fjölmiðlastarfi.

Einstök verkefni sem vinna til verðlauna verða kynnt á sameinuðum ráðstefnum og sýningum.

Framkvæmdastjórninni er heimilt að veita fjárstuðning vegna upplýsingafunda innanlands sem þátttakendur í annarri Helios-áætluninni skipuleggja.

Fjárframlag bandalagsins er: allt að 100%.

## 6. Sérstök viðfangsefni

Við framkvæmd sérstakra aðgerða sem um getur hér að framan munu þátttakendur í annarri Helios-áætluninni gæta sérstaklega að:

- forvörnum og fyrstu hjálp með það í huga að koma í veg fyrir að skaði, vangeta eða fötlun eigi sér stað eða nái að þróast,
- erfiðleikum sem fjölskyldur fatlaðra, fatlaðar konur og eldra fatlað fólk eiga við að glíma,
- blöndun fatlaðra kvenna í efnahagslegu og félagslegu tilliti,
- þjálfun fagfólks og sjálfboðaliða sem starfa á ólíkum sviðum blöndunarferlisins,
- einstaklingum með sérstakar skyldur gagnvart fötluðum börnum, unglungum og fötluðu fullorðnu fólki.

## 7. Áætlanir, aðgerðir og frumkvæði sem höfða beint til fatlaðra

Með HORIZON-frumkvæðinu skapast samverkandi afl, einkum að því er varðar faglega endurhæfingu og atvinnumöguleika og með TIDE-frumkvæðinu að því er varðar notkun nýjtaækni.

## 8. Rannsóknir og tæknaðstoð

Rannsóknir, ráðgjafarþjónusta og tæknaðstoð sem er nauðsynleg til að semja tillögur eða veita tæknilegan stuðning á þeim sviðum sem um getur í 3. gr.

Fjárframlag bandalagsins er: allt að 100%.

## 9. Tilteknar viðbótaraðgerðir sem rúmast innan marka þeirrar starfsemi sem um getur í 2. til 5. lið

Samstarf við utanaðkomandi sérfræðinga sem aðstoða framkvæmdastjórnina við að samræma, leiða og meta þá starfsemi sem um getur í 2. til 5. lið.

Fjárframlag bandalagsins er: allt að 100%.



## ÁKVÖRDUN RÁÐSINS

frá 6. desember 1994

um frekari þróun Handynet-kerfisins innan ramma þeirrar starfsemi sem nú fer fram í tengslum við fyrstu eininguna varðandi tæknileg hjálpartæki(\*)

(94/782/EB)

### RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 235. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(2)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Meginmarkmiðið með ákvörðun ráðsins 93/136/EBE frá 25. febrúar 1993 um þriðju aðgerðaáætlun bandalagsins um aðstoð við fatlaða (Önnur Helios-áætlunin 1993 til 1996) <sup>(4)</sup> er að stuðla að því að fatlað fólk njóti sömu tækifæra og þeir sem ekki eru fatlaðir og ýta undir blöndun þeirra. Eitt af almennu markmiðunum felst í því að mæta þörf fatlaðs fólks fyrir upplýsingar með tölvuvædda upplýsinga- og skráningarkerfinu Handynet sem byggist á innlendum gögnum sem síðan eru uppfærð og aðlöguð á evrópskum vettvangi.

Í tengslum við aðra Helios-áætlunina hefur framkvæmdastjórnin, í samræmi við ákvörðun 93/136/EBE, safnað, aðlagð miðað við evrópskar aðstæður, uppfært, skipst á og dreift upplýsingum um tæknileg hjálpartæki sem hefur verið safnað saman í aðildarríkjunum.

Samkvæmt b-lið 1. mgr. 4. gr. ákvörðunar 93/136/EBE skal ráðið endurskoða Handynet-kerfið fyrir 31. desember 1994 með hliðsjón af skýrslu framkvæmdastjórnarinnar, þar sem meðal annars er lagt mat á fyrstu Handynet-eininguna sem tengist hjálpartækjum, og taka ákvörðun, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar og að höfðu samráði við Evrópuþingið, um skilyrði fyrir áframhaldandi starfrækslu Handynet-kerfisins eftir þann dag.

Framkvæmdastjórnin hefur lagt fram skýrslu um framkvæmd Handynet-kerfisins. Starfrækja ber Handynet-kerfið áfram innan ramma þeirrar starfsemi sem nú fer fram í tengslum við fyrstu eininguna varðandi tæknileg hjálpartæki.

Í sáttmálanum er ekki gert ráð fyrir öðrum heimildum vegna samþykktar þessarar ákvörðunar en þeim sem um getur í 235. gr.

### ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

#### 1. gr.

Starfrækslu tölvuvædda upplýsinga- og skráningarkerfisins Handynet, sem er hluti af annari Helios-áætluninni, skal haldið áfram á tímabilinu frá 1. janúar 1995 til 31. desember 1996 innan ramma þeirrar starfsemi sem nú fer fram í tengslum við fyrstu eininguna varðandi tæknileg hjálpartæki.

#### 2. gr.

Ákvörðun þessa skal birta í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 6. desember 1994.

Fyrir hönd ráðsins,

*N. BLÜM*

forseti.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 316, 9. 12. 1994, bls. 42, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 35/95 frá 19. maí 1995 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins, sjá þessa útgáfu af EES-viðbætti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. C 222, 10. 8. 1994, bls. 19.

<sup>(2)</sup> Álití var skilað 7. desember 1994 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

<sup>(3)</sup> Álití var skilað 23. nóvember 1994 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

<sup>(4)</sup> Stjttíð. EB nr. L 56, 9. 3. 1993, bls. 30.

## Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar

95/EES/32/02

nr. 36/95  
frá 19. maí 1995

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn  
um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

## SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Rétt er að láta samvinnu samningsaðila ná til menningarmála.

Því ber að breyta bókun 31 í því skyni að koma á þessari auknu samvinnu frá og með gildistöku þessarar ákvörðunar.

## ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

## 1. gr.

Eftirfarandi bætist við:

„13. gr.

Menning

1. Samvinna á sviði menningarmála skal aukin innan ramma starfsemi og áætlana bandalagsins á því sviði. EFTA-ríkin

skulu taka þátt í margvíslegri starfsemi bandalagsins á sviði menningarmála, m. a. upplýsingaskiptum, fundum sérfræðinga, námskeiðum, ráðstefnum og menningarviðburðum af ýmsu tagi.

2. EFTA-ríkin skulu taka þátt í kostnaði við þá starfsemi sem um getur í 1. mgr. samkvæmt a-lið 1. mgr. 82. gr. EES-samningsins.
3. EFTA-ríkin skulu taka fullan þátt í störfum ESB-nefnda og annarra stofnana sem eru evrópsku framkvæmdastjórninni til aðstoðar við stjórnun, þróun og framkvæmd starf-seminnar sem um getur í 1. mgr.“

## 2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. júní 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

## 3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 19. maí 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar.

Formaður

P. Benavides

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

### Tilkynning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni (Mál nr. IV/35.635 - Nippon Electric-Scott)

95/EES/32/03

1. Framkvæmdastjórninni barst 10. 7. 1995 tilkynning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62<sup>(1)</sup>, myndað af Nippon Electric Glass Company Limited, japönsku fyrirtæki, og Schott Glaswerke, sem er þýskt. Samkvæmt tilkynntum samningi munu hlutaðeigandi aðilar fjárfesta sameiginlega í og reka verksmiðju í Cardiff, (Breska konungsríkinu) til framleiðslu á myndlöpum (bakskautsgeislarásur). Fyrirtækið um sameiginlega verkefnið mun í fyrstu framleiða sjónvarpsmyndlampaplötur, einkum fyrir verksmiðju Sony (Breska konungsríkinu) sem annast samsetningu á sjónvarpsmyndlöpum, úr myndlampaplötum sem móðurfyrirtæki fyrirtækisins um sameiginlega verkefnið útvegar. Fyrirtækið um sameiginlega verkefnið getur síðar útvíkkað starfsemi sína þannig að það annist alla framleiðslu á myndlöpum til sölu til annarra viðskiptavina en Sony (Breska konungsríkinu). Fullbúin starfsaðstaða verður að öllum líkindum tekin í notkun í árslok 2001.
2. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að fyrirtækið um sameiginlega verkefnið sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar nr. 17/62.
3. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi tilkynntan samning á framfæri við sig.

Athugasemdir skulu hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 226, 31. 8. 1995. Unnt er að senda athugasemdirnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 98 09) eða í pósti, með tilvísun til IV/35.635, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate B  
Office 3/68  
Avenue de Cortenberg, 150  
B-1049 Brussels

### Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.628 - Generale Bank/Crédit Lyonnais Bank Nederland)

95/EES/32/04

1. Framkvæmdastjórninni barst 23. 8. 1995 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(2)</sup>, þar sem belgíska fyrirtækið Generale Bank („G-Bank“) öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, heildaryfirráð yfir Crédit Lyonnais Bank Nederland NV („CLBN“) með hlutabréfakaupum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:

- „G-Bank“: bankastarfsemi,

- „CLBN“: bankastarfsemi.

(1) Stjtið. EB nr. 13, 21. 2. 1962, bls. 204.

(2) Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjttíð. EB nr. C 226, 31. 8. 1995. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.628 - Generale Bank/Crédit Lyonnais Bank Nederland, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram  
(Mál nr. IV/M.632 - Rhône Poulenc/Fisons)**

**95/EES/32/05**

1. Framkvæmdastjórninni barst 18. 8. 1995 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup>, þar sem fyrirtækið Rhône Poulenc Rorer Inc., undir yfirráðum Rhône Poulenc S.A., öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, sameiginleg yfirráð yfir fyrirtækinu Fisons plc með yfirtökubóði sem auglýst var 18. 8. 1995.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
  - Rhône Poulenc S.A.: kemísk efni, gervipræðir og fjöllíður, hálfunnar vörur og steinefni, heilsuvörur (þar með talin almenn lyf) og landbúnaðarvörur,
  - Fisons plc: almenn lyf, tæki til nota við vísindastörf, útbúnaður fyrir rannsóknastofur og garðyrkjuvörur.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjttíð. EB nr. C 221, 26. 8. 1995. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.632 - Rhône Poulenc/Fisons, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjttíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.